

Ávarp fulltrúa ungmennaráðs Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna  
í tilefni Fullveldishátíðar 1. desember 2018

Yðar hátign, forseti Íslands og forsetafrú, ráðherrar. Kæru Íslendingar.

Við erum fulltrúar ungmennaráðs Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Mathias og Kristbjörg.

Fullveldi.

Um aldamótin 1900 brann þetta hugtak á íslensku þjóðinni. Íslendinga dreymdi um frelsi til að ráða eigin högum og stefnu sinnar þjóðar. Árið 1918, var þessum mikilvæga áfanga náð. Ísland varð fullvalda ríki.

Það þýddi þó að öryggisnetið var að vissu leyti horfið og við Íslendingar þurftum að takast á við allar mótbáru sjálf.

En Íslendingar örvæntu ei.

Nei, þegar eitthvað bjátar á hafa Íslendingar í gegnum árin sýnt mikinn vilja til að sameinast í verki og þessi baráttuandi og samstaða Íslendinga hefur komið okkur í gegnum ýmsa erfiða tíma.

Frostaveturinn mikli, spænska veikin, Kötlugos. Fyrri kynslóðir gengu í gegnum ótrúleg harðindi og voru mun verr búin undir þau en við værum í dag. Fólk bjó í lélegum húsakynnum og við kröpp kjör.

En íslenski baráttuandinn skein í gegn og íslenska þjóðin sigraðist á þessum erfiðleikum líkt og öllum þeim sem komu á undan.

Þær kynslóðir Íslendinga voru brautryðjendur sem skapað hafa betri kjör fyrir okkur sem stöndum hér í dag. Þeirra barátta hefur fært okkur verkfærin sem við þurfum til að takast á við enn stærri vandamál.

Því nú blasir við okkur ein stærsta áskorun mannkynsins til þessa; loftslagsbreytingar. Það vandamál er margslungið og verður ekki auðveldlega leyst. En Íslenska þjóðin getur ekki leitt það hjá sér.

Manni hættir til að hugsa þegar maður stendur frammi fyrir svona stóru, langtíma vandamáli eins og loftslagsbreytingar eru vissulega: Hver er ég? Hvaða áhrif hef ég í stóra samhenginu? Ég skil það vel. Þessi barátta verður ekki unnin á morgun eða eftir helgi eða jafnvel á næsta ári. Það getur verið þreytandi að halda baráttunni áfram þegar áhrifin eru ekki áþreifanleg samstundis.

En íslenski baráttuandinn hefur, eins og við minntumst á áður, komið okkur í gegnum ýmis harðindi og ef við setjum undir okkur hausinn getur hann komið okkur í gegnum þetta líka. Ísland, þessi litla eyja úti á reginhafi, býr yfir svo miklum krafti. Ísland á fleiri rithöfunda en flestar þjóðir - miðað við höfðatölu.

Ísland var með sterkasta liðið á HM - miðað við höfðatölu.

Flestir alþjóðlegir fundir og ráðstefnur eru haldnar á Íslandi - miðað við höfðatölu.

Ísland mengar mest allra í Evrópu - miðað við höfðatölu.

Árið 2015 settu Sameinuðu Þjóðirnar fram 17 heimsmarkmið um sjálfbæra þróun. Eitt af meginmarkmiðunum er að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og bregðast við þeim. Þetta eru veigamikil og metnaðarfull markmið sem allar þjóðir heims þurfa að ná fyrir áramótin 2030.

Ég ætla að leyfa mér að endurtaka þetta. 2030. Það eru 12 ár. Við höfum 12 ár til að gjörbreyta lífnaðarháttum og samfélögum jarðarbúa svo við gerum ekki út af við möguleika næstu kynslóðar til að mæta þörfum sínum.

Eftir 12 ár verð ég 29

Og ég 30,

eftir 12 ár verður of seint að grípa í taumana.

Það ríkir mikil óvissa um framtíðina. En þetta er framtíðin okkar allra, flest okkar sem eru hér samankomin munu sjá hana eiga sér stað. Þess vegna er brýnt að allar raddir samfélagsins fái sæti við borðið burtséð frá aldri, uppruna, hörundslit, trú eða pólitískum skoðunum.

Og við getum ekki takmarkað okkur við að eiga samtalið. Næstu árin verða að fara í róttækar aðgerðir. Við þurfum að taka saman höndum og bregðast við vandanum. Hvernig heim viljum við búa okkur sjálfum, foreldrum og börnum okkar?

Ef við tökum okkur ekki saman í andlitinu fyrir árið 2030 erum við úr leik.

Við eigum aðeins eitt líf og eina jörð.

Hér virðist lenskan vera sú að Íslendingar þurfi ekki að hafa áhyggjur af umhverfistengdum málefnum vegna þess hversu smá við erum, það sé sama hversu illa við förum með landið og náttúruna því við skiptum ekki máli stóra samhenginu. Þessa sýn verður að uppræta.

Ein af frumskyldum þeirra sem byggja jörðina hverju sinni er að skila henni áfram til niðja sinna í jafngóðu ástandi og við henni var tekið, þ.e. að nýting á gæðum jarðar hverju sinni dragi ekki úr möguleikum þeirra sem landið erfa. Hugtakið sjálfbær þróun var skilgreint til að ná utan um þessa hugsun. Hugtakið er skilgreint sem mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

Mathias,

Já?

Þetta er ekki lengur bara spurning um komandi kynslóðir. Við erum fólkið sem mun þurfa að takast á við verstu áhrif hlýnunar jarðar. Við erum kynslóðin sem verður að gera sér grein fyrir alvarleika málsins. Við erum kynslóðin sem verður að grípa í taumana. Því við erum síðasta kynslóðin sem hefur tækifæri til þess.